

# Viljayfirlýsing – Borgað þegar hent er hraðall



Samband íslenskra  
sveitarfélaga

Undirrituð lýsa yfir vilja um þátttöku í tilraunaverkefninu *Borgað þegar hent er hraðall*. Verkefnið gengur út á að innleiða nýtt innheimtufyrirkomulag fyrir meðhöndlun úrgangs samkvæmt Borgað þegar hent er (BÞHE) kerfi, sem sveitarfélögum er skylt að innleiða á árinu 2023 skv. lögum nr. 103/2021, um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um úrvinnslugjald (EES-reglur, hringrásarhagkerfi).

Í verkefninu verður stefnt að því að innleiða rýmisútfærslu fyrir núverandi hirðu og meðhöndlun frá heimilum í Grímsnes- og Grafninshreppi með innheimtu í gegnum álagningarferfi Húsnæðis- og mannvirkjastofnunnar. Áfram verði þó innheimt fast gjald fyrir rekstur grenndar- og söfnunarstöðva og í frístundabyggð.

Viljayfirlýsingin tekur til samstarfs og þátttöku í ofangreindu verkefni. Undirrituð munu skilgreina ábyrgðaraðila fyrir verkefninu. Aðilinn verður í samskiptum við innri og ytri hagsmunaaðila og tryggir gott upplýsingaflæði auk þess að bera ábyrgð á ákveðnum verkþáttum samkvæmt fyrirbyggjandi tillögu að innleiðingaráætlun.

Engar greiðslur munu koma til á milli aðila. Sveitarfélögin munu vinna að ílátakortlagningu, úfærslu gjaldskrár fyrir meðhöndlun úrgangs samkvæmt BÞHE fyrirkomulagi og nauðsynlegri fræðslu til íbúa. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun í samvinnu við Advania tekur við upplýsingum og gögnum sem verða til hjá þátttökusveitarfélögunum samkvæmt innleiðingaráætluninni og færir inn í Álagningarferfi HMS og aðstoðar við að þróa þá ferla sem þarf á sinn kostnað. Samband íslenskra sveitarfélaga er stuðnings- og ábyrgðaraðili verkefnisins og mun veita leiðsögn og aðstoð á hverju stigi verkefnisins.

Reykjavík 27.10. 2022

---

Guðjón Bragason

Sviðsstjóri

Samband íslenskra sveitarfélaga

---

Tryggvi Már Ingvarsson

Framkvæmdastjóri Fasteigna  
Húsnæðis- og mannvirkjastofnun

---

Ása Valdís Árnadóttir

Oddviti  
Grímsnes- og Grafningshreppur

**Fylgiskjal:** Tillaga að innleiðingaráætlun í Borgað þegar hent er hraðlinum.